



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn
SKERJAGARÐUR
gleði | frumkvæði | sköpun

Leikskólinn Skerjagarður

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglíngar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1. Leiðarljós leikskólans	4
2. Greinargerð leikskólastjóra	4
3. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	8
4. Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	10
5. Innra mat deilda	11
Ból.....	11
Bakki	13
6. Innra mat sérkennslu.....	15
7. Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	18
8. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	20
9. Símenntun á síðasta ári.	21
Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	22
10. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	22
11. Foreldrasamvinna.....	23
12. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	23
13. Fylgiskjöl	23



1. Leiðarljós leikskólans

Gleði – Frumkvæði – Sköpun

Einkunnarorð Skerjagarðs eru „staldraðu við og skoðaðu heiminn því það er ákveðin tilvera sem bíður eftir að vera uppgötvuð“. Höfum við það að leiðarljósi í öllu okkar starfi

2. Greinargerð leikskólastjóra

Á síðasta skólaári unnum við eftir umbótaáætlun ársins á undan, við tókum líka aðra þætti fyrir eins og leikinn, í ljósi þess hversu aukið vægi honum hefur verið gefið í aðalnámskrá leikskóla. Komið var á laggirnar teymi sem fór í það að rýna í leik barna, skoðað var hversu langan tíma leikurinn fær í dagskipulaginu og lögð sérstök áhersla á sjálfsprottinn leik barna. Kennari sé til staðar, skráir og skoðar leikinn, kemur með kveikjur þegar það á við og hjálpar þeim að þróa leikinn á forsendum barnanna. Við munum halda áfram að horfa á leik barna sem námsleið en það er partur af umbótaáætlun næsta skólaárs.

Starfið hefur einkennst af mikum metnaði og fagmennsku. Við fléttum okkar kennsluhætti við grunnþætti menntunar. Við teljum okkur vera góð í skapandi starfi, unnið var með hugmyndir barnanna og þau komu með tillögur að verkefnum sem voru framkvæmdar. Alltaf er haft lýðræði að leiðarljósi, börnin velja viðfangsefni að hausti sem stendur yfir meðan áhugi barnanna er.

Á Bakka, elstu deildinni var unnið með sólkerfið sem vakti mikinn áhuga, unnið var með það á fjölbreyttan hátt. Börnin vissu mikið um plánetur sem var mjög áhugavert, hvernig þær voru á litinn og hverjar voru kaldar og hverjar heitar. Sást vel hvað þekking barnanna varð alltaf meiri og meiri í ferlinu þegar skráning var skoðuð og þekkingarvefurinn rýndur. En svo tók eldgosíð við, það vakti mikinn áhuga enda sást það vel út um gluggann hér á eldri deildinni. Skemmtilegur skúlptúr af gosinu varð til, myndir skoðaðar og fleira. Í þessu verkefni var mikil samvinna og lýðræðið var allsráðandi, eins og alltaf á Skerjagarði. Það var gaman hvað leikurinn var allsráðandi á Bakka og alltaf verið að meta og skoða leikinn, hvað væri hægt að gera betur svo hann fengi nóg rými í leikskólastarfinu.



Elstu börnin á Skerjagarði tóku þátt í Barnamenningarhátíðinni í samstarfi við Tónskóla Sigursveins. Í þessu verkefni lærðu börnin lög eftir ákveðinn höfund sem tónskólinn velur ár hvert og æfa börnin lögin í leikskólanum ásamt því að vinna ýmis verkefni í tengslum við lögin. Í ár voru tekin fyrir Stuðmannalög og Vikivaki. Með því að taka þátt í þessu verkefni gafst tækifæri til að flétta saman tónlist, skapandi starfi, málörvun, hugrekki, framkomu og heimspeki, sérstaklega þegar við kryfjum textana. Börnin fóru í heimsókn í Tónskólann og æfðu lögin við undirspil barna í tónskólanum. Þau fengu líka kynningu á hljóðfærum skólans. Verkefninu lauk með tónleikunum þar sem foreldrum og öðrum fjölskyldumeðlimum var boðið. Á þessum degi fóru síðan börnin saman út að borða.

Í flæði á eldri deildinni voru sett upp svæði sem styðja við leikinn. Ákveðinn starfsmaður var á svæðinu í átta vikur þar sem hann fylgdist með leiknum, skráði og var til staðar. Í boði voru fimm svæði, skynjun, hlutverkaleikur, vísindi, spil og útivera. Það kom okkur á óvart hvað börnin völdu sama svæði jafnvel í margar vikur. Starfsmenn voru vel undirbúnir á sínu svæði, búin að finna efnivið og annað sem var notað á hverju svæði.

Hlutverkaleikurinn þróaðist og leikurinn varð flóknari. Börnin töluðu um að þeim hafi þótt gott að hafa kennara á svæðinu sem þau gátu leitað til og hann hjálpað þeim að koma með nýjar kveikjur inn í leikinn. Markmiðið með flæðinu var að leggja áherslu á áhuga hvers barns og einbeitingu. Börnin fá að velja sér svæði út frá áhuga og að hafa möguleika á því að flæða á milli svæða af eigin vali. Elstu börnin á Bakka gerðu mat með kennara um það hvernig þeim fannst flæðið ganga.



Það er skemmtilegt að segja frá því hvað umræður barnana komu okkur á óvart. Þau voru mjög ánægð með flæðið. Fannst rólegra og minna um árekstra, færri börn á svæðum. Þeim fannst gaman að geta valið sér svæði og síðan skipt um stað. Vildu helst ráða öllu sjálf t.d í skynjun þá væri gaman að geta alltaf farið þangað inn og valið sér hvað þau vildu gera, t.d mála, leirinn og náð í það sem þau vildu. (sjá mat) Þarna sést svo vel hvað börn geta haft áhrif á nám sitt og vita að sjálfsgöðu hvað þau vilja. Leggjum við því mikla áherslu á lýðræði og að raddir barnanna fái að heyrast. Við ætlum að fara dýpra í flæðið/ leikinn, það verður tekið í umbótaráttinn á næsta skólaári.

Við gerðum okkar besta við að meta starfið jafnóðum og lögðum áherslu á það í vetur. Þannig náum við að gera starfið faglegra og að allir finni að þeir skipti máli í leikskólastarfinu.

Örfundir/teymisfundir eru nauðsynlegir þar sem hópstjórar hittast og fara yfir skráningu einstakra barna, hvernig gengur í verkefnavinnu og öðru sem við kemur deildinni. Eftir áramót datt það dálítið niður, við náðum ekki að festa niður örfundi. Við ætlum að vinna betur í þessu á næsta skólaári. Skipuleggja hvað verður tekið fyrir og við munum gera gátlista um það sem við viljum fara yfir á þessum fundum. Það verður sannarlega unnið með það áfram á örfundi/teymisfundi, gerir kennsluna skemmtilegri og einstaklingsmiðaðri og starfsfólkið verður ánægðara í starfi. Þetta snýst um skipulag og samvinnu stjórnenda. Það kom skýrt fram á starfsdegi í vor hvað starfsfólk vill taka fyrir á örfundunum.

Á starfsdegi núna í maí var farið yfir málörvun barna og verður það aðal áherslan í umbótaráætlun þessa árs ásamt frjálsa leiknum á báðum deildinni.



Á yngri deildinni var ákveðið að vinna með ákveðin viðfangsefni í samverustund og unnið með þau í ákveðin tíma. Á yngri deildinni vildum við leggja áherslu á að vinna með málörvun í öllu okkar starfi, við teljum það almennt gott fyrir barnahópin enda eru þetta börn á máltöku aldrinum. Málörvunarstundir eru á yngri deildinni og voru útbúnar sérstakar töskur með góðum bókum sem eru síðan notaðar í samverustund. Við ætlum að bæta í töskurnar, þulum og einföldum leikjum. Mikilvægt er að hafa samverustundir innihaldsríkar, markvissar og að efni sé aðgengilegt fyrir

starfsfólk. Áhersla var einnig á leikinn á yngri deild. Þar var áhersla á að börnin fengu að flæða á milli svæða, húsið var betur nýtt og starfsfólk var á sínum svæðum og bauð upp á fjölbreyttan efnivið.





Við leggjum áherslu á læsi hér á Skerjagarði, við erum alltaf með bókaviku í hverjum mánuði. Bókavikan skilaði sér vel heim til barnanna því þau koma með bækur í skólann og var lestur bóka meiri en verið hefur. Lesið var reglulega yfir daginn og voru bækur til dæmis skoðaðar yfir morgunmatnum. Við teljum bókavikuna vekja áhuga hjá börnunum um lestur bóka og skapar umræður milli barna og starfsfólks.

Á næsta skólaári stefnum við á að taka þætti fyrir í skólanámskrá, endurskoða, betrubæta, aðlaga hana að stefnu, hugmyndafræði og út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar. Skólanámskráin verður endurskoðuð út frá nýju aðalnámsskrá leikskóla.

Við á Skerjagarði erum sterk í því að meta starfið með börnunum. Bæði með umræðum og skoða skráningu hjá börnunum. Það er líka þannig í leikskólalífinu að það er alltaf verið að meta og gerir það starfið betra.

Skólaárið var gott hér á Skerjagarði, á starfsdegi í vor kom skýrt fram hjá starfsfólki skólans að það var ánægt með veturinn. Allir höfðu hlutverk og leið vel í starfi, jákvæðni var í fyrirrúmi og það er í samræmi við niðurstöður starfsmannakönnunar sem kom vel út. Það hefur verið mikill metnaður, samvinna í skólanum og allir eru að leggja sig fram við að hafa skólastarfið faglegt. Við hlökkum til næsta skólaárs.



3. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Á síðasta starfsári vorum við með nokkra þætti sem við gerðum heildarmat með starfsfólki á starfsdaginn okkar nú í vor. Og fyrst má nefna örfundi en við byrjuðum að vera með örfundi á síðasta ári sem tókst vel til og var starfsfólk sammála um að þeir hafi gengið vel fyrir áramót og komu vel út fyrir teymishópana. Eftir áramót voru þeir með stopulli hætti en starfsfólk vill halda í þessa fundi og því var ákveðið að setja þennan umbótaþátt aftur fyrir næsta skólaár. Festa niður daga með því að hver deild á sinn tíma og útdeilir á teymishópana tímum. Gerð verður áætlun um viðfangsefni fyrir fundina og þannig verða þeir markvissari. Eins var gert innra mat á ferilsbókunum okkar og útbúið áætlun um að bæta við og dýpka okkur í þeirri vinnu. Þess vegna höldum við áfram með þann umbótaþátt hjá okkur. Starfsfólk var almennt ánægt með hvernig tiltókst í sambandi við skráningar fyrir bækur og var ákveðið að gera fleiri skráningar úr leik barnanna og gera sýnilegt í ferilsbókum. Eins komu foreldrar með góða punkta í foreldraviðtölunum og með hugmynd að gera skráningar heima sem þau koma með í skólann og börnin fá að kynna sína skráningu í leikskólanum. Allir voru sammála um það að málörvun væri stór þáttur í okkar starfi og gekk ágætlega að halda utan um þann umbótaþátt frá síðasta ári. Því var ákveðið að halda áfram að gera betur þar. Við viljum leggja áherslu á að vera með fyrirfram ákveðnar bækur, þulur og sönglög í samverustundum og útbúa samverupoka fyrir hvern aldurshóp sem deildarstjórar bera ábyrgð á að skipta út reglulega. Hafa sönglög mánaðarins tiltæk fyrir hvern hóp. Í foreldraviðtölum og á göngunum spyrja foreldrar gjarnan um lögin sem við erum að syngja og vilja meiri upplýsingar og því var ákveðið að senda foreldrum reglulega tölvupóst um hvaða bækur, lög og þulur við erum að taka fyrir hverju sinni.



Innra mat

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Öfundir	Á starfsdegi með umræðum og borðkaffi einnig á stjórnendafundi í maí 2024	Stjórnendateymið og allt starfsfólk skólans.	Setja niður áætlun um fundina bæði hvað varðar viðfangsefni tíma og dagsetningu
Málörvun	Á starfsdegi í maí með umræðum og borðkaffi milli hópa einnig á stjórnendafundum. Foreldrar tilkyntu ánægju sína á framförum barnanna heima fyrir í foreldraviðtölum	Stjórnendur, starfsmenn, foreldrar og börn.	Halda áfram með þennan þátt dýpka enn betur samverustundir með því að útbúa samverupoka og upplýsa foreldra reglulega með tölvupóstum.
Ferilsbækur	Á stjórnendafundi í apríl og með umræðum og borðkaffi á starfsdegi	Allir starfsmenn skólans, börnin með umræðum meðan bækurnar voru skoðaðar og foreldrar á foreldrafundum.	Gera áætlun um afmælisskráningar, heimaskráningar, skráningar úr leik barna. Meta þær með börnunum
Barnamat	Með spurningum til barnanna í apríl	Elstu börn leikskólans.	Hafa flæði á deildinni og kennara sem fylgja með á svæðunum

Ytra mat

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun	Með spurningalista í gegnum netið frá utanaðkomandi aðila	Allt starfsfólk	Almenn ánægja í starfi og með skólann. Að kynna stefnu skólans betur. Sérstaklega fyrir nýjum starfsmönnum.



4. Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Örfundir	Festa niður örfundi 1x í viku á deildum eftir teyimum	Setjum niður áætlun og gátlistar fyrir viðfangsefni.	stjórnendur	Haust 2024	Vor 2025	Fundargerðir og meta með starfsmönnun hvernig hefur gengið á starfsdögum fyrir og eftir áramót	Starfsmenn hafi rödd og geti deilt með öðrum hugmyndum og hvað verið er að vinna með hverju sinni. Allir verði upplýstir og örfundirnir markvissari.
Uppeldis- og menntastarf							
Málörvun	Markvissar samverustundir og innihaldsríkar samverustundir. Senda foreldrum póst um viðfangsefni hverju sinni.	Útbúa samverupoka með þulum, bókum og leikjum. Skipta reglulega um útfra viðfangsefnum og þemum hverju sinni.	Stjórnendur og starfsfólk skólans	Haust 2024	Vor 2025	Umræður á deildarfundum, matsblöð	Að við sjáum að stundirnar verði innihaldsríkari. Og foreldrar upplýstir.
Mannauður/Leikskólabragr							
Ferilsbækur	Bæta við og fara dýpra í skráningar með börnunum. T.d afmælis, leik og heimaskráningar. Og áhugasvið barnsins í leikskólanum. Hvert barn fær möppu þegar þau byrja á Skerjagarði.	Gera verkferla um skráningar og hvað við viljum hafa í bókunum. Ígrundun um ferilsbækur með starfsfólki á starfsdegi vor/sumar 2024	Stjórnendur og allt starfsfólk	Vor 2024	Haut 2025	Á örfundum og starfsdögum, fara reglulega yfir á deildarfundum.	Allir eru upplýstir um mikilvægi skráninga í starfi og uppeldislegt gildi þeirra.
Stefna skólans	Allir eru vel upplýstir um stefnu skólans og fyrir hvað við stöndum	Kynning á stefnu skólans á starfsdegi að hausti. allir starfsmenn lesi starfsáætlun og stefnu skólans	Stjórnendur fylgja þessu eftir	Haust 2024	Vor 2024	Starfsdegi og leiðbeininga viðtölum	Allir eru meðvitaðir um stefnu skólans og hvað við stöndum fyrir.



5. Innra mat deilda

Ból

Ból sem er yngri deild leikskólans er lögð áhersla á frjálsan leik og uppgvötunarnám í litlum hópum eftir aldri. Og eru ákveðnir hópstjórar með hvern sinn aldursshóp. Einnig er samvinna á deildinni þar sem börnin blandast í leik og gleði. Í umbótaáætlun síðasta árs var lögð áhersla á skráningar í starfinu að gera skráningu sýnilegri og fylgjast þannig með námi og leik barna. Jafnframt var áhersla á að starfsfólk myndi tileinka sér skriflega skráningar í starfi og fengi þekkingu á hvernig það bæri sig að við það.



Umbótaáætlun Ból 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Ljósmynda og skrifleg skráning	Gera starfið sýnilegra foreldrum og öðru starfsfólki	Hver starfsmaður skráir eina stund. Setja myndir upp á vegg til málörvunar.	Deildarstjóri og leikskólastjóri . Hópstjórar framkvæma.	Ágúst 2023	Maí 2024	Örfundir og gátlistar. Fyrirfram ákveðið skráningarblað.	Skráningar sýnilegar upp á vegg og umræður um skráningarnar á örfundum með hópstjórum.

Styrkleikar:

- Starfsfólk fann sig öruggt við að gera ljósmyndaskráningu og fengu meiri innsýn í nám barna og hver væri tilgangurinn með að taka myndir og gera skráningar í starfinu. Skráningar voru ýmist settar upp á vegg eða í ferilsmöppu barnsins og þannig fengu börnin tækifæri á að skoða sig í starfinu og skapaðist tækifæri til málörvunar. Börnin biðja um ferilsmöppurnar sínar til að skoða og sýna hvert öðru og við það myndast samskipti og tjáning á milli barnanna.



Tækifæri til umbóta:

- Þegar við förum að skoða og meta hvernig okkur gekk til með umbótarátt síðasta skólaárs vildum við bæta okkur í frjálsa leiknum með því að skapa flæði á deildinni. Opna rýmin og leyfa börnunum að flæða á milli svæða. Við viljum halda áfram að hafa blöndun í hópunum og hafa einn deildardag þar sem öll deildin flæðir saman. Starfsfólk fær hlutverk að gera leikefni og efnivið aðgengilegan fyrir börnin og hver starfsmaður ber ábyrgð á einu svæði og sér um að gera skráningu með ljósmyndum og skrá niður í þar til gerða stílabók. Halda áfram að hafa skráningar sýnilegar börnum og foreldrum upp á vegg og í ferlismöppurnar. Skapa þannig áfram umræðu grundvöll með börnunum sem ýtir undir málörvun.




Umbótaáætlun Ból 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að auka flæði í leiknum og opna rými með efnivið og leikefni aðgengilegan	Að börnin geti flætt á milli leiksvæða eftir áhuga hverju sinni	Festa kennara og starfmenn á rýmin þeir bera ábyrgð á einu rými og hvað leikefni og efniviður er á svæðunum.	Deildar-Stjóri, hópstjóri	Sept 2024	Júli 2025	Skráningar á svæðum með ljósmyndum og skriflegum hætti, ræða á örfundum og fara yfir gögnin.	Að kennari þekki hlutverk sitt og leiksvæðin/rýmin á deildinni og opnu rýmin séu í notkun og börnin flæði á milli leiksvæða.



Bakki



Umbótaáætlun 2023 -2024

Við erum enn að vinna mikið með lýðræði á Bakka. Fyrir tveimur árum var gerð tilraun með hlaðborð fyrir elstu börnin og var mikil ánægja bæði hjá börnum og starsfólki. Í kjölfarið var ákveðið að gera enn betur og bjóða öllum börnum á Bakka upp á hlaðborð í hádegismatnum, sem hefur gefist mjög vel og ætlum við að halda því áfram.

Við höldum reglulega fundi með börnunum til að ræða skipulag og sérstaka daga til að kanna óskir þeirra og viðhorf til leikskólastarfsins. Þar kom skýrt fram í barnahópnum að þau vildu hafa meira tíma fyrir frjálsa leikinn. Þar sem deildin er aldurskipt var hugmyndin að blanda þeim meira saman á þessum stundum og gefa þeim tækifæri til að kynnast betur og mynda meiri tengsl við hvort annað. Þess vegna ákváðum við að minnka þetta stýrða val og bjóða þeim frekar upp á flæði sem gefur þeim meiri frelsi, meiri þroska og aukið sjálfstæði. Við höfðum flæði alla morgna og bættum við tvisvar í viku fram að hádegi fyrir öll börn á Bakka.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fjölbreytt leikefni á svæðum í leik barna í flæði.	Að börn hafi meiri áhrif á umhverfi sitt og nám.	Fundir með börnunum reglulega. Hlusta á sjónarmið þeirra og koma á móts við væntingar og langanir.	Stjórnendur og kennarar deildarinnar	Haust 2023	Vor. 2023	Skrá niður hvernig gengur, taka myndir, ræða á fundum, taka viðtal við börnin. Gera gátlista með spurningum til barnanna og annara fyrir kennara og setja niður hvaða efniviður er á hvaða svæði.	Sjónarmið barnanna eru virkt í ákvörðunum þeirra með leikefni skólans. Með þí að koma með hugmyndir af efnivið og leik á svæðunum.



Styrkleikar:

- Í flæðinu var mannauðurinn nýttur og kennarar völdu sér svæði eftir áhuga og styrkleika. Starfsumhverfið var betur nýtt í flæðinu og fjölbreyttari efniviður í boði og börnin dreifðust betur. Við fundum að það var meiri ró á svæðunum og börnin töluðu einnig um það sjálf, kennarinn var meira til staðar og tók virkari þátt í leik barnanna og því urðu minna um árekstra. Við tókum eftir að börnin fóru oft á sömu svæðin sem varð til þess að hæfni þeirra í leiknum jókst og þau urðu sjálfsöruggari og sýndu meira frumkvæði. Það gátum við séð með skráningum á öllum svæðum þar sem við skráðum hversu mörg börn voru á svæðinu og hversu lengi þau stoppuðu á hverju svæði, hvernig samskipti barnanna voru og hvort allir væru virkir.

Tækifæri til umbóta:

- Við viljum halda áfram að ýta undir sjálfstæði í flæði og halda áfram að bjóða upp á flæðið þar sem mjög mikil ánægja var hjá börnunum og kennurum á deildinni. Við viljum fara lengra með þessa vinnu í flæði og leggja áherslu á hæglátara leikskólastarf til að minnka streitu og auka hamingju og vellíðan. Umbótaþáttur fyrir næsta skólaár var tekin útfrá mati barnanna á námi sínu í leikskólanum. Það kom skýrt fram að þeim fannst betra að vera í flæði því þar var meiri ró, færri börn á hverju svæði og kennari á staðnum sem þau gátu leitað til.

Umbótaáætlun 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Flæði á Bakka	Að barnið geti valið sér leikefni eða viðfangsefni óháð tíma og takmarkana	Það fara fjögur börn í einu að velja sér viðfangsefni og svo koll af kolli	Stjórnendur Hópstjórar framkvæma	Ágúst 2024	Maí 2025	Skráningar í bækur hvernig gengur, taka myndir, ræða á deildarfundum og taka viðtal við börnin.	Börnin hafa frelsi varðandi viðfangsefni og verða örugg í því að auka færni í leik og sköpun. Starfsfólk er búið að undirbúa flæðisstundina og þá skapast meiri ró í barnahópnum þegar starfsfólk er til staðar á svæðunum



6. Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð;</p> <p>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennsla er skipulögð af sérkennslustjóra í samvinnu við leikskólastjóra og deildarstjóra. Sérkennsluráðgjafi Vesturmiðstöðvar er okkur innan handar við skipulagningu sérkennslu. Unnið er út frá einstaklingsnámskrá og einstaklingsþjálfun er skipulögð út frá þörfum hvers og eins.</p> <p>Starfsfólk á hvorri deild sjá um sérkennslubörnin undir handleiðslu sérkennslustjóra, lögð er áhersla á litla barnahópa með það að leiðarljósi að huga að fullgildingu allra barna. Markmiðið er að hafa litla barnahópa og sérkennslustjóri leiðir teymisvinnu með starfsmönnum hvarrar deildar og starfsmanna sem hafa umsjón með stuðningi barna. Áhersla er lögð á að nýta allar stundir dagsins til málörvunar og þjálfunar í náttúrulegum aðstæðunum og að öll börn taki virkan þátt og öðlist gleði í leik, námi og starfi. Skráning fer fram eftir hverja vinnustund þar sem nýttir eru viðurkenndir listar þegar það á við. Fylgst er með framförum og skráð hvað er gert. Skráning fer fram eftir málörvunarhópa og skólahóp. Skráning er einnig í ferilsbókum þar sem fylgst er með framförum barna, með því að safna teikningum, ljósmyndaskráningu og framsagnir barnanna eru ritaðar.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Einstaklingsnámskrá er nýtt sem matsgagn þar sem hverju markmiði er lýst og það skráð þegar því hefur verið náð og þá í kjölfarið nýjum markmiðum bætt inn. AEPS er nýtt til viðmiðunar hjá þeim börnum sem unnið er með eftir áherslum atferlisíhlutunnar. Orðaskil er nýtt þegar talin er ástæða til að kannna orðaforða barna. Íslenski hljóðamælirinn er nýttur þegar grunur vaknar um að framburður barna sé ekki aldussvarandi, þannig að hægt sé að skipuleggja málörvun út frá því eða að kalla til talmeinafræðing til frekari athugunar. TRAS, er notað þegar grunur vaknar um að þroski barna sé ekki aldursvarandi. EFI-2 er lagt fyrir tvisvar fyrir öll börn á fjórða aldurári, á fyrri helming ársins og seinni. Ef niðurstöður TRAS</p>



	<p>eða EFI-2 eru ekki aldussvarandi eru kallaðair til viðeigandi sérfræðingar og ráðstafanir gerðar í kjölfarið. HLJÓM-2 er lagt fyrir öll börn á síðasta ári leikskólagöngunnar. Niðurstöðurnar fylgja þeim í grunnskólann.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Keypt var spjaldtölva til að nýta við sérkennslu og málörvun. Forritið íslenski hljóðamælirinn var keyptur sem og námskeið fyrir sérkennslu stjóra til að nýta sér íslenska hljóðamælirinn. Keyptar voru bækur til að nýta í sérkennslu sem og í samverustundum, þar sem hugað var sérstaklega að velja bækur út frá aldri. Í einstaklings þjálfun og málörvun eru notaðir fjölbreyttir stokkar frá superduper, myndir voru eru prentaðar út og plastaðar fyrir sjónrænt skipulag, sérkennslu og fyrir þau börn sem að nýta PECS. Einnig voru keypt spil til að nýta í einstaklingsþjálfun, leikþjálfun og málörvun.</p>



Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vinna markvisst með einstaklinga og litla hópa í málörvun.	Vinna betur með málþroska barna.	Aukastundir með máhljóðin Lubbi finnur málbein. Leikum og lærum með hljóðin. Ýmiskonar málörvunarspil	Sérkennslustjóri /leikskólastjóri.	Sept 2022	Sept 2023	Gátlisti. Farið yfir einstaklingsnámskrá.	Farið hefur verið með börnin 1-2 í viku í skipulagða málörvun.

- Málörvunarhópar voru markvissari og reglulegri
- Nýtt voru viðurkennd matstæki til að mæta hverju barni á þeim stað sem það er í málþroskanum og til að meta hverjir eiga að vera saman í hóp

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Deildafundur 1x í mánuði á hvorri deild.	Að allir séu meðvitaðir og upplýstir um þau börn sem njóta stuðnings, farið yfir einstaklingsnámskrá. Starfsfólk fær tækifæri til að ræða einstök börn.	Fundir 1 x í mánuði á hvorri deild	Sérkennslustjóri/leikskólastjóri	Haust 2024	Vor 2025	Á fagfundum/deildafundum. Með umræðu á starfsdögum.	Að starfsfólk sé upplýst, öruggt og hafi verkfæri til að mæta börnum í starfi sem að njóta aukins stuðnings.



7. Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn


Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

<p>Hvernig er fjármagn sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p>	<p>Keyptar voru bækur og spil. Einnig var fjármagn nýtt til afleysingar inn á deildum svo sinna megi reglulegum málörunarhópum. Einnig var keypt spjaldtölva til að nýta við kennslu og málörvunar fjöltyngdra barna.</p>
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	<p>Málörvunar teymi er starfandi í skólanum sem að sérkennslustjóri leiðir. Teymið hittist á 6 vikna fresti þar sem farð er er yfir leiðir til að efla grunnorðaforða og hvernig megi dýpka hann. Síðan miðju máls og læsis er nýttur sem uppspretta á teymisfundunum og ákveðin málefni tekin fyrir hverju sinni. Á teymisfundum er meðal annars rifjað upp og viðhaldið þekkingu starfsfólks á hæfni römmum fyrir fjöltyngd börn og þrjú þrep orðaforða. Þar er farið yfir og því fylgt eftir að starfsfólk nýti aðferðina að gefa 10. Markmiðið er að allir séu upplýstir um það hvernig það getur með markvissum hætti hugað að því að efla öll lög orðaforðans hjá fjöltyngdum börnum.</p>
<p>Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?</p>	<p>Markvisst er unnið að því að dýpka orðaforða barna með því að ákveðin eru þemu fyrir samverustundir í læsisteyminu. Sem dæmi dýrin, þá eru bækur um dýrin lesnar, lög sungin og starfsfólk hvatt til að kom inn í leik barnanna með það að markmiði að dýpka orðaforða þeirra. Starfsfólk er meðvitað að með því að hafa sameiginlegt yfirþema í ákveðinn tíma erum við að vinna með öll lög orðaforðans. Læsis-teymið sér svo um að halda utan um skráningar og veita starfsfólki stuðning.</p> <p>Passað er upp á endurtekningar og börnin læri þulur og söngva. Lestur bóka er reglulegur og við nýtum svokallaða sögukassa til að efla orðaforðann enn frekar. Hvetjum börnin til þátttöku í sögunum.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i>, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>EFL- 2 er lagt fyrir öll fjöltyngd börn. Ef börn koma illa út úr þeirri skimun er gripið til viðeigandi ráðstafana. Með markvissri málörvun eða ráðleggingar og aðstoðar frá sérfræðingum um framhaldið. Reglulegir</p>



	<p>málörvunarhópar eru haldnir sem að sérkennslustjóri heldur utan um og skrásetur framfarir barnanna.</p> <p>TRAS er nýtt þar sem fylgst er með þroska barnanna einnig styðjumst við við orðaskil, einnig eru nýttar ferilsbækur til að fylgjast með framförum fjöltyngdra barna.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i>, varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Samverustundir eru sérstaklega nýttar til málörvunar þar sem starfsfólk fær tíma til að undirbúa sig og námsefnið er sniðið af aldri og þörfum barnanna og lögð er áhersla á að fá börn séu í hóp í samverustundum. Áhersla er á að setja orð á allar athafnir dagsins. Sérstaklega í stundum þar sem unnið er maður á mann með börnunum, í fataherbergi, matartíma, litlum hópum í samveru, salernisferðum, á skiptiborði, og allstaðar sem tækifæri gefst til.</p> <p>Börnin eru hvött til virkrar þátttöku í starfi sínu með því að koma á framfæri óskum sínum og löngunum, til dæmis velja þau öðruvísi daga og reynt er að koma til móts við ólíkar þarfir hvers og eins. Í sameiningu velja þau sér viðfangsefni/þemaverkefni vetrarins og hafa frjálsar hendur í þekkingaleit sinni undir handleiðslu kennara. Í frásagnartíma fær hvert barn tækifæri til tjáningar og með því að starfsfólk nýti aðferðina að gefa tíu er enn betur hugað að því að ýta undir orðaforða, málskilning, tjáningu frásögn og hlustun fjöltyngdra barna. Skráningar sem gerðar eru í sambandi við samverustundirnar eru nýttar til að huga að öllum þáttum máls og læsis. Með ljósmyndarskráningu í ferilsbækur er hugað að áhuga, styrkleikum og löngunum hjá hverju barni.</p>



Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að huga markvisst að því að efla þrjú lög orðaforðans hjá fjöltyngdum börnum.	Tækifæri eru gripin í aðstæðunum yfir daginn og les- og samverustundir eru nýttar til þess að dýpka orðaforða barna.	Sérkennslustjóri kynnir fyrir öllu starfsfólki skólans á starfsdegi hæfniramma fyrir fjöltyngd, börn, þrjú þrep orðaforða. Grunnorðaforða, millilag orðaforðans og efsta lag orðaforðans. Aðferðina að gefa 10. Allir eru upplýstir um það hvernig þeir geta með markvissum hætti hugað að því að efla öll lög orðaforðans hjá fjöltyngdum börnum.	Sérkennslustjóri, leikskólastjóri og deildarstjórar.	Ágúst 2023	Mái 2024	Starfsfólk fær tíma og aðstoð til að undirbúa samverustundir til að finna efni sem að eflir öll lög orðaforðans. Farið er yfir með starfsfólk hvernig gangi og ráðgjöf á deildarfundum.	Allir eru upplýstir um hvernig þeir geta gripið tækifæri í aðstæðunum yfir daginn nýtt og les- og samverustundir til þess að dýpka orðaforða fjöltyngdrabarna.

- Starfsfólk er meðvitaðra um að grípa tækifærin sem gefast til málörvunar.
- Starfsfólk hefur fengið tíma til að fræðast og undirbúa sig
- Starfsfólk staldrar meira við í lestrinum og fer til baka, útskýrir orð sem koma fyrir jafn óðum.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2024-2025


UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fylgjast með stöðu, færni og þróun í íslensku fjöltyngdra barna.	Nýta viðurkennd matstæki til að fylgjast markvisst með þróun og færni fjöltyngdra barna.	Listar eru lagðir fyrir reglulega til að meta framfarir sem og hvernig megi styðja betur við þau.	Sérkennslustjóri, leikskólastjóri og deildarstjórar	Haust 2024	Vor 2025	Íslenski hljóðamælirinn, hæfniramma um íslensku.	Skrifleg gögn um stöðu, þróun fjöltyngdra barna í íslensku. Sem notaðir eru til að styðja við íslenskunám fjöltyngdrabarna.

8. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Við á Skerjagarði leggjum áherslu á lýðræðislegt samstarf og að allir hafi rödd, hugmyndir allra í skólasamfélaginu skipta máli. Lögð er áhersla á umræður um uppeldi og nám barna í öllum starfsmannahópnum. Starfsþróunarsamtal fer fram einu sinni á ári og fá starfsmenn punkta með áhersluatriðum í viðtalinu þannig að þeir geti undirbúið sig. Viðtölin fóru fram í des-jan. Leiðbeiningarviðtöl eru á fimm vikna fresti með nýjum starfsmönnum og þar eru fyllt út þar til gerð eyðublöð. Við fagfólkið hvetjum okkar fólk að skoða sjálft sig í starfi og minna sig á allt það sem vel er gert í starfinu og hafa í huga að gagnrýni er alltaf til góðs. Jákvæðni er alltaf höfð að leiðarljósi.



Deildarstjórar hafa lagt sig fram um að hrósa starfsfólki sínu og hvetja þau til að sýna frumkvæði í starfi enda er það mikilvægt til þess að gera leikskólastarf gott.



Í starfsþróunar- viðtölunum kom það skýrt fram að starfsmenn fengu góða leiðsögn og hrós í starfi. Eins kom vel fram að starfsfólk hefur áhuga á að sækja ýmis námskeið t.d sem tengist starfinu. Eins talaði starfsfólk um að þeim finnst gott að fá að stjórna ákveðnum verkefnum og fylgja sínum barnahóp út skólaárið. Kom fram að starfsfólk er mjög ánægt með að halda örfundi þar sem farið er yfir ákveðna málefni sem snerta börnin og þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir hverju sinni. Fannst þeim fá góðan stuðning frá deildarstjórum, hrós og hvatningu. Kom sérstaklega fram að mikil samvinna sé á deildum og góður starfsandi. Í umbótaáætlun á næsta ári ætlum við að leggja en meirri áherslu á örfundi. Vera með gátlista sem hægt er að styðjast við til þess að fá sem best út úr þessum fundum. Þannig að allir verði meðvitaðir um það sem er verið að taka fyrir hverju sinni.

9. Símenntun á síðasta ári.

Útskrifaður leikskólaliði. 1. Starfsmaður.

Fyrirlestur: Málörvun ungra barna á starfsdegi, allur skólinn.

Námsferð til Portugal: EECERA- 2023, 3 kennarar.

Menntafléttan „Deildarstjórinn sem faglegur leiðtogi“. 2 kennarar.

Ráðstefna hjá Kennarasambandinu. 2 kennarar.

Íslenski hljóðamælirinn. 1 kennari.

Rannung „sýnilegt leikskólastarf skrifaðu um leikinn. 4 kennarar.

Kennum nýja færni: Ráðgjafa og greiningarstöð. 1 kennari.

Skráning og þjálfun: Ráðgjafa og greiningarstöð. 1 kennari.

Kynning á Aðalnámskrá leikskóla. 2 stjórnendur



Áætlun um símenntun í leikskólanum.

Við erum með símenntun sem tekur mið af umbótaáætlun á hverju ári. Starfsþróun leikskólans fyrir næsta skólaár erum að skoða þau námskeið sem verða í boði hverju sinni og aðra fræðslu sem tengist starfi leikskólans.

- Náttúruleg kennsla. Leikskóli með áherslu á leikinn.
- Menntafléttan sjá hvað er boði.
- Ráðstefna á Akureyri. Læsi 5 kennarar.

10. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samvinna er á milli leik og grunnskóla, aðalmarkmið samstarfs leikskóla og grunnskóla er að stuðla að vellíðan barnanna við flutning milli skólastiga. Börnin fóru í heimsókn í Melaskóla, sjá töflu.

Sérkennslustjóri fór á skilafund vegna barns sem þarf á stuðning og sérkennslu að halda í grunnskólanum.

6. maí klukkan 8:45-12:00	Börnin kynnst Bókasafni skólans, Selinu frístund.	Melaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
30. maí Skilafundur klukkan 10:30-10:45. Vegna barns sem þarf stuðning og sérkennslu í Melaskóla haust 2023	Umsögn um hvaða úrræði hafa reynst barninu vel á Skerjagarði. Skrifleg skýrsla á eyðublaði frá Reykjavíkurborg, upplýsingar milli leikskóla og leik-grunnskóla.	Melaskóli.	Sérkennslustjórar beggja skólastiga, aðstoðarskólastjóri, sérkennsluráðgjafir Vesturmiðsstöðvar Reykjavíkurborgar á leik- og grunnskólastigi. Forstöðumaður frístundaheimilis Selsins.



11. Foreldrasamvinna

Um leið og barn hefur leikskólagöngu sína á Skerjagarði verða foreldrar/forráðamenn meðlimir í foreldrafélaginu. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins einu sinni á ári á haustin eða í september.

Foreldrafélag /foreldraráð Skerjagarðs.

- Sandra Ýr Dungdal formaður
- Guðrún Helga Kristjánsdóttir gjaldkeri.
- Telma Magnúsdóttir meðstjórnandi.
- Dagrún Davíðsdóttir meðstjórnandi.
- Iðunn Svala Árnadóttir meðstjórnandi .
- Hildur Sif Jónsdóttir meðstjórnandi.

Foreldrar greiða tvisvar á ári í foreldrafélagið. Foreldrafélagið hefur notað þá peninga sem inn koma til að taka þátt í ýmsum uppákomum t.d jólaball með foreldrum og systkinum ásamt starfsfólki. Á opnu húsi 4. maí gaf foreldrafélagið útskriftarnemum pennaveski. Foreldrar koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð. Eins var farið í sveitaferð 31. maí , með foreldrum, systkinum og starfsfólki leikskólans, farið var á Hraðastaði. Foreldrafélagið sér um rútuna. Foreldrafélagið sér um fyrirlestur fyrir foreldra á haustin í september- október þá er kosið í stjórn foreldrafélagsins.

Fundir og viðburðir:

29 september. Farið í bíó.

22. nóvember. Dagsetningar ákveðnar sveitaferð, jólaball . Hittingar yfir veturinn t.d ferð í húsdýragarðinn, bíóferð og fleira.

6. desember. Farið yfir jólaball Skerjagarðs. Skipulagt hvað foreldrar ætla að sjá um. Dagsetningar ákveðnar, sveitaferð og jólaball. Hittingar yfir veturinn t.d ferð í húsdýragarðinn, bíóferð og fleira.

5.apríl. Farið yfir sveitaferð og annað. Ákveðið var að hafa tvo hittinga þegar væru starfsdagar. annað.

19. febrúar. Farið í sund hist í Vestubæjarlaug.

12. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Sjá skóladagatal. Þar kemur fram að skipulagsdagar eru á sama tíma og í grunnskólum.

13. Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).



F. h. leikskólans

Sóldís Harðardóttir
Leikskólastjóri

03.06.2024
Dagsetning

Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025

Leikskólin Skerjagarður



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

- Sandra Ýr Dungdal formaður
- Guðrún Helga Kristjánsdóttir gjaldkeri.
- Telma Magnúsdóttir meðstjórnandi.
- Dagrún Davíðsdóttir meðstjórnandi.
- Iðunn Svala Árnadóttir meðstjórnandi .
- Hildur Sif Jónsdóttir meðstjórnandi.



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Starfsfólk Skerjagarðs heldur úti fyrirmyndar starfsemi á þessum fallega litla leikskóla. Starfið fer faglega fram þar sem nýttar eru gagnreyndar og góðar aðferðir til þess að ýta undir þroska barna okkar og grípa inn í ef eitthvað barn þarf auka stuðning. Starfið er sífellt í þróun, þau vinna augljóslega með velferð barnanna í brennidepli og láta starfið ekki staðna í gömlum ávana. Ánægjulegt er að sjá hversu dugleg þau eru að virkja sjálfræði barnanna og kenna þeim þar með allskonar færni og sjálfsþekking.

Foreldrar geta alltaf haft samband ef þeir hafa athugasemdir eða spurningar og stjórnendur eru fljótar að svara og sinna öllum vangaveltum.

Það er einstaklega heimilislegt, hlýtt og gott andrúmsloft í leikskólanum þar sem starfsmenn og stjórnendur gefa sér alltaf nægan tíma í spjall við foreldra og börn sem hlaupa inn með bros á vör. Það er ómetanlegt að geta skilið börnin sín eftir og vita að þau eru í góðum höndum og þau eru það svo sannarlega í Skerjagarði.

Fyrir hönd foreldraráðs,

Iðunn Svala Árnadóttir





Matspurningar fyrir málörvun/samverustundir.



Leikskólinn
SKERJAGARÐUR
gleði | frumkvæði | sköpun

Hvernig gengur að halda utan um samverustundir og nýta þann efnivið sem var tekin til/samverupokar?? _____

Eru samverustundirnar innihaldsríkari ef já hvernig ef nei hvað er hægt að gera betur? _____

Finnst þér foreldrar upplýstir hvað er verið að vinna með hverju sinni? Útskýrðu nánar? _____

Hvernig gengur að skipta út efni í smaverupokunum eftir þemum og hópum? _____

Gátlisti yfir örfundi



- Ferilsbækur, hvernig gengur að taka myndir og skoða uppeldislega skráningu.
- Sérkennslubörn, fara yfir einstaklingsáætlun og framfarir.
- Dagskipulag, skiptingar og flæði.
- Flæðisstundir, nær fólk að skrá leik barna, vísindi sköpun og spil.
- Hópastarf og verkefnavinnu meta út frá áhuga og getu barnanna.
- Ræða einstök börn.
- Útivera, gönguferðir virkni barna og starfsfólk
- Samverustundir, hvernig gengur að skipta út efni.
- Hvernig gengur að ná í bækur á bókasafnið tengt viðfangsefni.
- Leikefni og efniviður í flæði aðgengilegur.

Mat barnanna á Bakka:



Haldnir eru reglulegir fundir með elstu börnunum á Bakka. Þar er farið yfir sérstaka daga sem eru annan hvern föstudag. Þar koma þau með hugmyndir að uppákomum og öðru sem viðkemur námið.

Þegar þau voru spurð um kosti og galla flæðis þá voru þau öll sammála um að þeim myndist rólegra á svæðunum. Þeim fannst einnig gott að kennarinn er meira með og til staðar en í vali. Þau nefndu einnig að þeim fannst gott að ef þeim finnst of margir á svæðinu gætu þau farið á annað svæði.